

Sveitarfélög standa saman að miðstöð og samstarf við rannsóknastofu á Menntavísindasviði HÍ

Sveitarfélögin hafa mörg áratuga reynslu af innleiðingu PMTO og mikilvæg ferli og tengingar eru þegar til staðar varðandi samvinnu við háskólann og kerfi innan sveitarfélaga. Þættir sem snúa að innleiðingu PMTO þjónustu og aðlagðri þjónustu til sveitarfélaga myndu falla undir sameiginlega miðstöð sveitarfélaganna, auk þess sem stýrihópur yrði settur á stofn. Þróunarverkefni og rannsóknir á nýjungum yrðu í samvinnu við rannsóknastofu á vegum Háskóla Íslands og yrði samstarfið háð skýrum ferlum. Bein framkvæmd þjónustu til foreldra og skóla færi fram í sveitarfélögum.

Miðstöðin verði hýst í nokkrum sveitarfélögum eða einu: Í því samhengi verður horft sérstaklega til stærstu sveitarfélaganna og þeirra sem hafa lengstu sögu innleiðingar PMTO úrræðisins; Akureyrarbæjar, Hafnarfjarðarbæjar og Reykjavíkurborgar.

Styrkleikar (S) - Nálægð við þjónustuþega og vísindaheiminn. - Nálægð og tengsl við skóla-/velferðarþjónustu. - Ákveðin reynsla til staðar varðandi skiptingu verkþátta milli sveitarfélaga. - Nálægð við aðra þjónustu sem vinnur að farsæld barna. - Nálægð við rannsakendur á sambærilegu sviði. - Uppfyllir viðmið um innleiðingu á gagnreyndum aðferðum. - Lágur þröskuldur að stjórnendum sveitarfélaga. - Eykur þekkingu sveitarfélaga á mikilvægi vísindalegra nálgana þegar kemur að innleiðingu á gagnreyndum úrræðum.	Veikleikar (V) - Flókið í framkvæmd og samstilling margra þátta. - Ekki mikil hefð fyrir samvinnu af þessum toga. - Minni tengsl við ríkisstofnanir sem sinna innleiðingu úrræða fyrir börn og fjölskyldur og vissar hindranir þegar kemur t.d. að þróun fjarþjónustu. - Minni áhrif á þróun stefnumótunar innan málaflokksins í landinu. - Spurning hvaða sveitarfélag/sveitarfélög hýsi miðstöðina. - Rannsóknastofa bara tengd Menntavísindasviði, ekki Heilbrigðis- og Félagsvísindasviði.
Tækifæri (T) - Aukið sjálfstæði sveitarfélaga að innleiðingu gagnreindra aðferða. - Aukin nálægð milli miðstöðvar, PMTO meðferðaraðila, starfsmanna sveitarfélaga og fjölskyldna. - Vegna nálægðar miðstöðvar við þjónustunotendur, getur mögulega aukist aðgengi að þátttakendum.	Ógnanir (Ó) - Hætta á að jafnræðis sé ekki gætt að fullu milli sveitarfélaga. - Stöðugleika stefnt í hættu vegna tíðra breytinga á skipulagi og öðrum þáttum innan sveitarfélaga. - Hætta á að ríkið hætti almennum og fjárhagslegum stuðningi til PMTO miðstöðvar.